

Föstudaginn 18. marz 1932.

Nr. 84/1931. **Guðlaugur Jónsson**

(Gústaf A. Sveinsson cand. jur.)

gegn

Jóni Ólafssyni, f. h. Líftryggingarfélagsins Andvaka (Jón Ólafsson).

Samningur forstjóra líftryggingarfélags við áfrýjanda um að gjaldkræf tryggingarfjárhæð stæði inni sem lán, og sem forstjórinn notaði til eigin þarfa, eigi talinn bindandi fyrir félagið, með því að hann hefði þar farið út fyrir starfssvið sitt og umboð.

Dómur gestaréttar Reykjavíkur 30. maí 1931: Stefndur, Jón Ólafsson, f. h. Líftryggingarfélagsins Andvöku, skal vera sýkn af kröfum stefnandans, Guðlaugs Jónssonar, í máli þessu og falli málskostnaður í því niður.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi máls þessa, Guðlaugur Jónsson, hefir, eins og fyrir undirrétti, gert þær réttarkröfur, að stefndi, Jón Ólafsson, f. h. Líftryggingarfélagsins Andvaka, verði dæmdur til að greiða sér 4000 kr. með 5% ársvöxtum frá 21. júní 1928 til greiðsludags og málskostnað í héraði, eins og málið hefði eigi þar verið gjafsóknarmál og í hæstarétti eftir mati réttarins. Stefndi hefir hinsvegar krafizt þess, að hinn áfrýjaði gestaréttardómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða honum málskostnað í hæstarétti.

Hér í réttinum hefir aðiljum málsins komið saman um, að tékkávisun sú fyrir líftryggingarupphæðinni, er þáverandi forstjóra Andvöku, Helga Valtýssyni, var send með bréfi 10. júní 1925, hafi

verið stíluð á nafn hans, en ekki á nafn áfrýjanda, svo sem ráð var fyrir gert í forsendum gestaréttardómsins, en þetta þykir þó ekki af atriði í málinu, þegar af þeirri ástæðu, að áfrýjandi hefir eigi neitað því, að tryggingarupphæðin hafi staðið honum til boða hinn 21. júní 1925.

Að þessu athuguðu og að öðru leyti með skírskotun til forsenda hins áfrýjaða dóms, er fallast má á að öllu leyti, ber að staðfesta dóminn.

Eftir þessum úrslitum verður áfrýjandi að greiða stefnda málskostnað í hæstarétti, er ákveðst 150 kr.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða gestaréttardómi skal óraskað.

Áfrýjandi, Guðlaugur Jónsson, greiði stefnda, Jóni Ólafssyni, f. h. Líftryggingarfélagsins Andvaka, 150 kr. í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er eftir samkomulagi málsaðilja höfðað fyrir gestaréttinum með stefnu, útgefinni 26. okt. f. á., af Guðlaugi Jónssyni, Hverfisgötu 5 í Hafnarfirði, gegn Jóni Ólafssyni, forstjóra hér í bænum, fyrir hönd Líftryggingarfélagsins Andvöku, til greiðslu skuldar, að upphæð kr. 4000,00 með 8% ársvöxtum frá 21. júní 1925 til stefnudags og 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Hefir stefnandi fengið gjafsókn í málinu samkv. framlögðu bréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 16. janúar s. l.

Málavextir eru þeir, að með tryggingarskjali, dags. 31. dez. 1924, var Sigurjón Guðlaugsson, sonur stefnanda, líftryggður í Líftryggingarfélaginu Andvöku fyrir kr.

4000,00. Í ofsaveðri nóttina milli 7. og 8. febrúar 1925 fórst Sigurjón á botnvörpungnum Field Marshall Robertson og voru foreldrar hans einkaerfingar hans. Með áritun á liftryggingarskjalið, sem lagt hefir verið fram, dags. 20. marz 1925, hefir stefnandi kvittað fyrir liftryggingarupphæðinni kr. 4000,00 og lýst allar skyldur, sem hvílt hafi á félaginu samkvæmt tryggingarskjalinu þar með af hendi inntar. Honum var samt ekki greidd liftryggingarfjárhæðin þá samtímis heldur var skirteinið eins og venja er til sent til aðalskrifstofu félagsins í Oslo, ásamt nauðsynlegum fylgiskjölum, til þess að þar yrði gengið úr skugga um það, að skilyrðum til útborgunar liftryggingarfjárins væri fullnægt. Með bréfi, dags. 10. júní 1925, var fjárhæðin svo send í tékkávisun til þáverandi forstjóra Andvöku hér í bænum, Helga Valtýssonar, og fyrir hann lagt að senda ávisunina til stefnanda, og virðist því sennilegast, að hún hafi verið stíluð á nafn stefnanda, en það atriði er þó ekki upplýst. Þann 21. júní þ. á. gerir stefnandi svo samning við nefndan forstjóra Helga Valtýsson um það, að liftryggingarupphæðin standi inni hjá félaginu til eins árs í senn með þeim kjörum, að félagið greiði 8% vexti frá þeim degi, en honum sé heimilt að taka féð út smátt og smátt, eftir því sem nánar er tiltekið í samningnum. Hefir Helgi við undirskriftina undir samning þennan notað stimpil Andvöku, ásamt nafni sínu. Daginn eftir að samningurinn var gerður eða 22. júní 1925 er upphæðin síðan færð sem útborguð í sjóðbók félagsins hér, en stefnandi veitti henni þó ekki viðtöku þá, heldur notaði fyrrverandi forstjóri félagsins hana, eftir því sem fram hefir komið í málinu, til eigin þarfa.

Stefnandi byggir nú kröfu sína á því, að liftryggingarfélagið hafi ekki ennþá greitt honum liftryggingarféð eða nokkrum, er haft hafi heimild til þess að hefja það fyrir hans hönd, heldur standi það samkvæmt áðurgreindum samningi inni hjá félaginu. Heldur hann því fram, að að sjálfsgöðu hafi Helgi Valtýsson, forstjóri félagsins, haft heimild til þess, samkvæmt stöðu sinni, að gera umræddan samning fyrir þess hönd, þar sem í honum felist engin ný skuldbinding fyrir félagið, heldur sé þar aðeins samið um greiðslufrest félaginu til handa á upphæð, sem

þegar hafi verið fallin í gjalddaga. Telur stefnandi, að samningurinn sé þannig eingöngu í hag féluginu nema ákvæðið um vextina og því ótvírætt bindandi fyrir félagið og beri það þá gagnvart honum sem réttum erfingja líftryggingarfjárins ábyrgð á greiðslu hinnar umstefndu upphæðar.

Undir rekstri málsins hefir stefnandi þó viðurkennt að Helgi hafi ekki haft heimild til að skuldbinda félagið til eins hárrar vaxtagreiðslu og í samningnum er tiltekið og lækkað vaxtakröfu sína niður í 5% p. a. og aðeins krafizt vaxta frá 21. júní 1928, en það er in confesso, að þeir hafi verið greiddir til þess tíma og að því er virðist af Helga persónulega.

Stefndur hefir mótmælt kröfum stefnanda og krafizt sýknu af þeim og málskostnaðar hjá honum eftir mati réttarins. Heldur hann því fram, að greiðsluskylda félagsins samkvæmt líftryggingarskjalinu sé þegar af hendi innt, því að með margnefndum samningi við fyrrverandi forstjóra félagsins, Helga Valtýsson, hafi stefnandi ráðstafað líftryggingarfénu og því um leið leyst félagið undan skyldum þess samkvæmt skirteininu. Og þar sem umboð Helga sem forstjóra alls ekki hefir náð til þess að gera slíkan samning, sem hér um ræðir fyrir félagsins hönd, sé samningurinn að sjálfsögðu ógildur gagnvart félaginu, og geti stefnandi þá engar kröfur átt á hendur því um greiðslu hinnar umstefndu upphæðar, enda hafi hún ekki komið félaginu til góða, heldur runnið til Helga persónulega, og verði stefnandi því að halda sér að honum um greiðslu samkvæmt samningnum.

Það er nú að visu svo, að ekki verður séð, að líftryggingarféð hafi beinlínis verið greitt af höndum til stefnanda, en þar sem stefnandi hefir gefið fullnaðarkvittun á lífsábyrgðarskirteinið og ljóst er, að fjárhæðin stóð honum til boða og að hann meira að segja ráðstafaði henni með samningnum frá 21. júní þ. á., þá lítur rétturinn svo á, eins og stefndur heldur fram, að stefnandi hafi með þeirri ráðstöfun að fullu leyst félagið frá skuldbindingum þess samkvæmt lífsábyrgðarskirteininu, en hinsvegar gert samning við fyrrverandi forstjóra félagsins fyrir þess hönd um það að láta líftryggingarfjárhæðina standa inni hjá því gegn vöxtum, þ. e. lána félaginu hana, og

velta þá úrslit máls þessa á því atriði, hvort líftryggingarfélaginu sé skylt að standa skil á upphæðinni sem láni, er það hafi fengið hjá stefnanda eða ekki, eða m. ö. o. á því, hvort umræddur samningur sé bindandi fyrir félagið.

Í málinu hefir verið lagt fram eftirrit af samningi líftryggingarfélagsins við forstjórann Helga Valtýsson, er samninginn gerði, svo og samþykktir félagsins. Af gögnum þessum virðist ótvírætt, að Helgi hafi, með því að gera samning slíkan sem þann, sem að framan greinir fyrir félagsins hönd, farið út fyrir starfssvið og umboð. Það verður heldur ekki litið svo á, að stefnandi hafi haft nokkra réttmæta ástæðu til að ætla, að umboð til að gera samninginn fælist í stöðu Helga sem forstjóra þeirrar deildar líftryggingarfélagsins, sem starfar hér á landi, því að lántökur liggja venjulega fyrir utan verkahring venjulegra umboðsmanna erlendra váttryggingarféлага, er hafa hér starfsdeildir. Og þó Helgi notaði stimpil félagsins við undirskrift sína undir samninginn átti það ekki að geta vakið réttmætt traust hjá stefnanda til þess, að umboð hans sem forstjóra væri viðtækara en venja er til um umboð forstjóra slíkra starfsdeilda, og þá ekki heldur til þess, að Helgi hefði rétt til að gera samninginn.

Verður rétturinn því að fallast á það hjá stefndum, að umræddur samningur sé ekki bindandi fyrir félagið, og sé félaginu af þeim ástæðum óskýlt að greiða hina umstefndu upphæð, og verður það því sýknað af öllum kröfum stefnanda í máli þessu, en rétt þykir eftir öllum mála-vöxtum að láta málskostnað falla niður.

Vegna anna hefir dómur í máli þessu ekki orðið kveðinn upp fyrr en nú.

